



Efni: Upplýsingar vegna kórónaveiru COVID-19

Gripíð hefur verið til margvíslegra varúðarráðstafana til að hefta útbreiðslu kórónaveirunnar COVID-19. Eitt af því er að ítreka mikilvægi þrifa á öllum stöðum sem sveitarfélagið ber ábyrgð á.

Huga þarf vel að reglubundnum sértækum þrifum í sameiginlegum rýmum t.d. í íþróttasal, búningsherbergjum, kaffistofum og lyftum. Einnig þarf að huga vel að yfirborðsflötum t.d. hurðarhúnum, handriðum, lyftuhnöppum, snertiskjám og ljósarofum.

Nauðsynlegt er að aðgengi viðskiptavina að handspritti sé mjög gott sérstaklega inn í íþróttasölum. Mikilvægt er að íþróttaiðkendur hugi vel að hreinlæti og benda þarf þeim á að:

- Nota handspritt í tækjasal
- Koma með sín eigin „æfinga handklæði“
- Þvo hendur mjög vel eftir æfingu
- Forðast snertingu við augu, nef og munn

Einnig mælt með að öll ílát með gjafavöru, sælgæti og mat verði fjarlægð þar sem smit getur borist manna á milli með þeim.

Við hvetjum ykkur til að prenta meðfylgjandi leiðbeiningar út og hengja upp á viðeigandi staði.

[https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/Sykingavarnir/Koronuveiran-Novel-\(2019-nCoV\)/novel_2019-nCoV_dregid_ur_sykingarhaettu_2020_plakat.pdf](https://www.landspitali.is/library/Sameiginlegar-skrar/Gagnasafn/Visindi-og-menntun/Sykingavarnir/Koronuveiran-Novel-(2019-nCoV)/novel_2019-nCoV_dregid_ur_sykingarhaettu_2020_plakat.pdf)

Á vef embætti landlæknis er að finna ítarlegar upplýsingar <https://www.landlaeknir.is/>.